Alþingi
Erindi nr. Þ 121/2042
komudagur 6.5.'97

# VÁTRYGGINGAEFTIRLITIÐ

# Símbréf

| | |
|---|---|
| Viðtakandi: | **Guðjón Rúnarsson nefndarritari** |
| Fyrirtæki: | **Alþingi, efnahags- og viðskiptanefnd** |
| Bréfsími: | **563 0610** |
| Síður, þessi meðtalin: | **1** |
| Sendandi: | **Rúnar Guðmundsson** |

Reykjavík: **06/05/97**

tilvísun: 3510R752

**Skilaboð: Varðandi símbréf yðar þar sem hjálagt fylgdu breytingartillögur við frumvarp til laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda, 530. mál, heildarlög.**

Vísað er til símbréfs yðar og bréfs dags. í dag þar sem hjálagt fylgdu breytingartillögur við nefnt frumvarp.

Vátryggingaeftirlitið ítrekar fyrri skrif til nefndarinnar þ.e. umsögn dags. 2. maí sl.

Sérstök athygli er vakin á umfjöllun varðandi þá kröfu til líftryggingafélaga sem fá heimild til móttöku iðgjalda með samningi um lífeyrissparnað að þau hafi starfsstöð hér á landi sbr. lög nr. 60/1994 um vátryggingastarfsemi. Lögin um vátryggingastarfsemi heimila líftryggingafélögum með aðalstöðvar á Evrópska efnahagssvæðinu að veita þjónustu hér á landi án starfsstöðvar og verður ekki séð hvers vegna þess verður krafist að þau hafi starfsstöð hér á landi ef þau ætla að ganga til samninga um lífeyrissparnað.

Með kveðju

Rúnar Guðmundsson

Heimilisfang:
Suðurlandsbraut 6, 108 Reykjavík
Sími:
568 51 88
Bréfsími:
568 52 53